

Fundarstaður: Fjarfundur, kl. 10:00.

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Á fundinum:

1. Staða verkefna
2. Starfsáætlun 2022
3. Fjárhagur sjóðs og samskipti við Íslensk verðbréf
4. Önnur mál

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

1. Staða verkefna

Verkefnastjóri kynnti samantekt stöðu greiðslna styrkjaúr sjóðnum sem miðast við 17.12.2021.

<i>Vilyrði úthlutunar 2020</i>	<i>Greitt samkv. framgangi</i>	<i>Ósótt</i>
<i>12.884.000</i>	<i>9.287.000</i>	<i>3.597.000</i>
<i>Vilyrði úthlutunar 2021</i>	<i>Greitt samkv. framgangi</i>	<i>Ósótt</i>
<i>12.500.000</i>	<i>5.535.000</i>	<i>6.965.000</i>

Ástæða þess að aðilar hafa ekki klárað verkefnin tengjast að mörgu leiti Covid, s.s. seinkunn á afhendingu aðfanga, samkomutakmörkunum og óvissu, sem og álags. Væntingar um framgang verkefna byggð á of mikilli bjartsýni en einnig er eitthvað um að fólk hafi ekki enn skilað lokaskýrslum þrátt fyrir að hafa lokið verkþáttum miðað við framkvæmdáætlanir.

Rætt um mikilvægi þess að ýta enn frekar á og styðja við þá sem enn eiga eftir að ganga frá verkefnum, þannig að verkefnum verði lokið á settum tíma og fyrir næstu úthlutun úr sjóðnum.

Samþykkt að umfangsmikil verkefni geti áfangaskipti framkvæmdum og sótt sérstaklega um hvern áfanga, það geti einnig átt við þegar stór verkefni hafa lent í umtalsverðum skerðingum.

2. Fjárhagur sjóðs og samskipti við Íslensk verðbréf

Formaður fór yfir yfirlit um fjárhaginn hjá Íslensku verðbréfum og samskipti við þau. Kynnti einnig að frá 1. nóvember tóku í gildi breytingar á lögum um niðurfellingu fjármagnstekjuskatts til félaga sem starfa eingöngu til almenningsheilla. Samþykkt að athuga hvort hægt sé að sækja um niðurfellingu á fjármagnstekjuskatti til skattsins.

Samþykkt að styrkupphæð sjóðsins árið 2022 verði um 12.000.000.- kr.

3. Starfsáætlun 2022

Verkefnastjóri fór yfir starfsáætlun sjóðsins og tengingu við Samfélagsverkefnið Fögur framtíð í Fljótssdal.

2021	
30. október	Samfélagsþing í Végarði
8. nóvember	Tillögur sendar inn til sveitarstjóra frá Samfélagsnefnd
23. nóvember	Til styrkþega - Senda út samantekt um styrkúthlutanir og hvatningu um lok verkefna.
17. desember	Stjórnarfundur Samfélagssjóðs - Teams
Des-Jan	Uppfæra upplýsingar um sjóðinn á heimasíðu Fljótssdals

2022	
Vika 1-2	Auglýsa í Dagskránni og á Austurfréttar vefnum.
	Fréttaskot um ákveðin verkefni til fjölmiðla í janúar.
14. febrúar	Umsóknarfrestur rennu út - mánudagur
28. febrúar	Stjórnarfundur - matsfundur umsókna. Mánudagur
10. mars	Úthlutun styrkja – ath. fyrirkomulag. Fimmtudagur
	Fréttatilkynningar: Austurfrétt, Bændablaðið, o.fl.
28. apríl	Stjórnarfundur (Ársreikningar) kl. 15:00 og Ársfundur sjóðsins kl. 17:00
20. apríl	Viðmiðunardagur til að ljúka samningum

Farið var yfir eftirfarandi skjöl og þau samþykkt með smávægilegum breytingum:

1. Auglýsing umsókna.
2. Fréttatilkynning frá sjóðnum.
3. Umsóknareyðublað sjóðsins.
4. Matsblað umsókna.
5. Áherslur sjóðsins fyrir árið 2022 er miðast við niðurstöður umræðna frá Samfélagsþingi 2021 - við bætist:
 - a. Samfélagsleg verkefni á sviði menningar, viðburða og miðlunar sem nýtist sem best í byggðarlaginu.

4. Önnur mál

ABB kom inná samantekt sem hún gerði um Fögur framtíð í Fljótsdal í tengslum við erindi sem hún flutti á Umdæmisþingi Rótarý í haust. Niðurstaðan var að þrátt fyrir umtalsverðar upphæðir sem hafa runnið til Fljótsdalshrepps, eftir uppbyggingu Kárahnjúkavirkjunar, og aukið aðgengi íbúa að ýmsum fjármunum og sjóðum þá hafi orðið stökkbreyting á viðhorfi og framkvæmdum eftir að farið var af stað með Samfélagsverkefnið. Stjórnarmenn taka undir þessi orð. Árangurinn er ótvíræður. Auk þess sem sveitarfélagið hefur komið markvissar inn með uppbyggingu innviða.

Stjórnarmenn vilja bóka þakklæti til verkefnastjóra fyrir hennar góðu störf innan samfélagsverkefnisins og fyrir Samfélagssjóðinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:20

ÁHBj ritaði